

Próftakan í skrefum

Gátlisti fyrir nemendur í stöðu- og framvinduprófi í stærðfræði 4.-7. bekkur



Hlustaðu á leiðbeiningar sem kennarinn les upp.



Opnaðu prófforritið og skráðu þig inn þegar kennari segir til.

- Ef þú ert með **Chromebook** opnaðu **TAO** appið.
- Ef þú ert með **iPad** eða **PC tölvu** ferðu inn á prof.mms.is og smellir á „Hefja próf“.
- Sláðu inn notandanafn og lykilorð af blaðinu sem kennarinn lét þig fá.



Veldu prófið og lestu leiðbeiningar vandlega.

- Þú mátt ekki nota reiknivél í þessu prófi.



Leystu verkefnin á prófinu.

- Lestu vandlega og svaraðu eins vel og þú getur.
- Notaðu rissblaðið til að reikna út, skipuleggja þig eða teikna myndir ef það hjálpar.
- Réttu upp hönd ef þig vantar aðstoð kennara til að halda áfram. Mundu bara að hann má ekki hjálpa þér að svara spurningum á prófinu.



Þegar öllum verkefnum prófsins er lokið:

- Farðu vel yfir svörin þín og vertu viss um að þú hafir svarað öllum spurningum eftir bestu getu.
- Skilaðu rissblaðinu til kennarans.
- Fylgdu fyrirmælum kennara um það hvað þú átt að gera næst.

